**2020/EES/71/04**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 106/2018

**frá 31. maí 2018**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/128 frá 25. janúar 2018 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt ([1]).

2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 40d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0128**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/128 frá 25. janúar 2018 (Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/128, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 22, 26.1. 2018, bls. 16.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.